

PER. REG. 2009.12  
P 111

# HEIMIR

ÚTGEFENDUR

ÍSLENZKA ÚNÍTARA KYRKJUFÉLAGIÐ  
Í VESTURHEIMI

VI. ÁRGANGUR



WINNIPEG, MANITOBA


MCMX

# HEIMIR

ÚTGEFENDUR

ÍSLENZKA ÚNÍTARA KYRKJUFÉLAGIÐ  
Í VESTURHEIMI

VI. ÁRGANGUR



WINNIPEG, MANITOBA

MCMX

## EFNISYFIRLIT

|   |               |
|---|---------------|
| Afmyndun landslagsins (þýtt úr The Chr. Register) bls.  | 214-15        |
| Almanak (Ritdómur)                                      | - - - 118     |
| Alþjóðaðing frjálfstrúarmanna                           | - - - 286     |
| Andlegt líf með Vestur-Íslendingum                      | - - - 25-34   |
| Andvökur (Ritdómur)                                     | - - - 45-50   |
| Andvökur (Ritdómur)                                     | - - - 237-238 |
| Ársskýrslur Únítarafélagsins                            | - - - 34-35   |
| Bókafregn   | - - - 18      |
| Bókafregn. (Andvökur, Jón Austfirðingur, Austurlönd)    | 45-52         |
| Bréf frá Ibsen (þýtt af R. Péturssyni)                  | - - 107-111   |
| Breyting ef ekki framför. (þýtt úr The Chr. Register)   | 160-63        |
| Cecil Rhodes styrkhaftinn R. Pétursson                  | - - 123-26    |
| Dómarabókin   | - - - 273-77  |
| Félagsmálin   | - - - 140-42  |
| Fimta Kyrkjuping ísl. Únítara í Vesturheimi             | - - 224-35    |
| Fréttir   | - - - -62-64  |
| Fréttir af stjórnarnefndarfundi hins ísl. únítarafélags | 5-7           |
| Gestur, (kvæði) St. G. Stephánsson                      | - - 1-3       |
| Gleðileg Jól  | - - - 73-75   |
| Guðleg áhrif (þýtt) J. G. Townsend D. D.                | - - 238-40    |
| Guðs kærleikur (Sálmur) F. W. Faber, M. J.              | - - 169-170   |
| Hamingja (kvæði) Viðar                                  | - - - 111     |
| Heima á Íslandi J. Jónsson frá Sleðbrjót                | - - 35-44     |
| Hinn vandrataði vegur (Ræða)                            | - - - 263-69  |
| Hlutdrægni  | - - - 204-05  |
| Hugsanir, V. Hugo, Kr. Stefánsson                       | - - 119-20    |
| Hugsjónir, R. Pétursson                                 | - - - 137-39  |
| Hnignun katólsku kyrkjunnar (þýtt úr The Chr. Register) | 179-82        |
| Hvað vitum vér um Jésúm? M. J. Savage (þýtt)            | - - 93-95     |
| Hvert sem leiðin þín liggur (kvæði) Þ. Þ. Þorsteinsson  | 97-98         |
| Immanuel Kant (Fyrirlestur) G. A.                       | - - - 254-58  |
| Kanada (kvæði) E. J. Arnason                            | - - - 251-52  |
| Karen (Saga) A. Kjelland                                | - - - 112-18  |
| Köllun R. Pétursson                                     | - - - 151-60  |
| Kvistir (Ritd.)   | - - - 236-37  |
| Maðurinn mælikvarði alls                                | - - - 142-44  |

|   |        |         |        |
|---|--------|---------|--------|
| Magnús Brynjólfsson (með mynd)                          | -      | -       | 243-44 |
| Markvörðurinn (kvæði) St. G. Stephánsson                | -      | -       | 194-96 |
| Minni Ísl. (Ræða Dr. G. Brandes) S. Ágústsson           | -      | -       | 176-79 |
| Modernisminn  | -      | -       | 14-17  |
| Módurhendur (Saga) B. Björnson                          | -      | -       | 277-86 |
| Molar   | -      | -       | 168    |
| Molar   | -      | -       | 192    |
| Mónisminn   | -      | -       | 187-87 |
| Nótmæli gegn Dr. Eliot                                  | -      | -       | 64-66  |
| Mótmælendafélagið á Þýzkalandi                          | -      | -       | 10-11  |
| Nokkur atriði úr sögu Gyðinga                           | -      | -       | 66-68  |
| Orðskviðirnir   | -      | -       | 254-58 |
| Sagan af Muhammad Din R. Kipling                        | -      | -       | 188-9v |
| Sannfæring og fylgi                                     | -      | -       | 8-9    |
| Sálmur (þýddur úr ensku) G. J. Guttormsson              | -      | -       | 24     |
| Skammsýni R. Pétursson                                  | -      | -       | 132-37 |
| Smávegis  | -      | -       | 71-72  |
| Smávegis  | -      | -       | 95-96  |
| Sólarlag (kvæði) E. J. Árnason                          | -      | -       | 121-22 |
| Spurning Anonymus                                       | -      | -       | 187-83 |
| Starf Ameríska Únítarafélagsins                         | -      | -       | 208-09 |
| Til farfugls (kvæði) Kr. Stefánsson                     | -      | -       | 57-54  |
| Til kvennfrelsiskonunnar (kvæði) Kr. Stefánsson         | -      | -       | 145-47 |
| Til kaupenda Heimis                                     | -      | -       | 287    |
| Trúarbrögð framtíðarinnar (Fyrirlestur) Dr. C. W. Eliot | 87-92  | 99-107  | 126-32 |
| Tvö smákvæði eftir Goethe, Bjarmi                       | -      | -       | 287-88 |
| Undir oki með vantrúudum (Saga) R. Kipling              | -      | -       | 163-67 |
| Undramyndin (Saga) Sarah Noble-Ives                     | -      | -       | 209-13 |
| Upphaf og þroskun Únítaratrúarinnar í kristnu kyrkjuni  | 170-76 | 196-203 | 218-24 |
| Úr ýmsum áttum  | -      | -       | 244-50 |
| Útgefenda skifti R. Pétursson                           | -      | -       | 253-54 |
| Útgefenda skifti R. Pétursson                           | -      | -       | 3-5    |
| Vestur Íslendingar (kvæði) St. G. Stephánsson           | -      | -       | 241-42 |
| Þekkingin undirstaða skoðananna                         | -      | -       | 11-14  |
| Þjóðernisverndun  | -      | -       | 147-51 |
| Þrumuveður (Saga) P. Rosegger                           | -      | -       | 18-23  |
| Yngsta bókin í Gamlatestamentinu                        | -      | -       | 205-08 |

# HELMIR

VI. árgangur

WINNIPEG, 1909.

1. blað.

## GESTUR.

Það lögmál, sem að lífi verður grand  
með langri von og ótta mig ei tafði,  
en sendi úr hæðum himna eldibrand  
í hjartastað á því sem kært eg hafði—  
En fró er þessi þrautaleysu-vissa  
um þennan skilnað—fyrst eg varð að missa.

Og nú er vægð, að vita á því grein :  
Að var ei það er sló þig svona, kæri !  
neitt skynbært vald, sem vilji neinu mein  
né venji á gott, með slys sem tækifæri.  
Því grimdarverkin—hvað helzt sem þeir kenna!  
í hverju hjarta sviðaheitast brenna.

Og hægra er, við skeð að setta sig  
ef sitja ei hræðsla og refsing öllum megin—  
Hið góða átti enga sök við þig,  
og af því hefðir þú ei verið sleginn,  
og aldrei gat það hitt svo hörkulega  
öll hjörtun þeirra, er sakna þín og trega.

Og vonzkan aldrei á því góða hrín  
 um eilífð—hvað sem líf og dauði boða,  
 og hún á ekkert afi sem nær til þín.  
 Og eldingin, sem hitti þig til voða  
 var saklaus—og hún sat um líf þitt eigi—  
 sem sjálfur þú að ganga á hennar vegi.

Svo vef eg þig í angurværðir óðs  
 inn andaðann, í línur táragnaðar—  
 Í englaröðum glaðværðar og góðs  
 þú gestur verður, hvergi annars staðar—  
 Eg, kveð þig ugglaus, um það lokast sárin—  
 á eftir blessun, þakkirnar og tárin.

Eg kveð þig ugglaus—En eg til þess finn  
 um alla þá sem harm um lát þitt bera,  
 að geta ei borið meira en hlutann minn  
 af mæðu þeirra : án þín nú að vera—  
 Til æfiloka á eg til þess merki,  
 þú ert hjá mér í ljóði mínu og verki.

Af kærleik þínum engu verður eytt,  
 hann er og varir mér í tímans sjóði.  
 Þó von um framtíð, um þig byggð, sé breytt :  
 eg bý að auð' frá samvist okkar, góði !  
 Og þegar berst eg út af ljóðsins löndum  
 mun lífið verja 'ann sínum geymslu höndum.

Ó, hjartans barn, þín hjálparfúsa mund  
 varð hlúun þess á ellidögum mínum :  
 að mín, sem þreytt var, fengi frjálsa stund  
 að forða týnslu mörgum gleymdum línum—  
 Þá beggja eign eg grátþakklátur gæfi  
 ef gæti og þyrði, að treina þína æfi.

Og enn sé kært að kveða og heilsa þér!  
 og kveldsól mín skal setjast enn í heiði  
 er hinzt til viðar veröld gengur mér  
 í vestri, undir þínu gróna leiði.  
 Svo helgast leið að lík-kistunni minni  
 og ljóðið hinzta af minningunni þinni.

16-7-09

*Stephan G. Stephansson*

## ÚTGEFENDA SKIFTI

Með þessu, fyrsta blaði sjötta árgangs "Heimis" eru orðin eiganda og útgefanda skiftis. Menn þeir er fyrir nokkrum árum síðan mynduðu hlutafélag blaðsins hafa nú ýmist gefið eða selt eignir sínar í blaðinu til Únítaríska Kyrkjufélagsins Íslenzka, og verður það því framvegis gefið út undir umsjón og í umboði þess. Breyting þessi á högum blaðsins þótti næst um sjálfsögd, þó fyrir hefði komið. Í flestu hefir blaðið reynt að styrkja stefnu únítaríska hreyfinga að því litla leyti er áhrifa þess gætti, og það, var verkinu vaxið. Þótt ritgjörðir og málsgreinar þess á liðnum tíma hafi verið um ýmiskonar efni, þá hefir þó Heimir alltaf aðeins átt eitt málefni. Og þetta eina málefni var, og er, trúarviðsýni og hugsanafrelsi—"Unitarianism." Það var því eiginlega óviðurkvæmilegt að nokkrir einstaklingar héldi úti blaði á eigin ábyrgð, fyrir þetta mál, er var kyrkjufélagsins sjálfs að annast. Enda líka var tilraun þeirra misskilningi háð meðal margra er álitu únítarískan félagsskap það sízt varða hvert blaðið þrífist, útbreyddist eða félli. Rétt var það þá að kyrkjufélagið tæki við blaðinu eiusog líka er orðið.

Með eigenda og útgefenda skiftunum hafa og orðið ritstjóra skifti. Verður það framvegis falið, þar til kjörinni nefnd, á hverju kirkjuþingi að velja ritstjóra blaðsins og sjá um útkomu þess. Í stað þess er verið hefir, er Síra Guðm. Árnason valin

ritstjóri blaðsins nú og fær blaðið þar góðan og glöggann starfsmann, djarfann og einarðann. Og vonum vér að þeir sem áður hafa veitt oss lið á ýmsan hátt verði honum hjálplegir á sama hátt.

Ekki vitum vér hvert til þess er ætlast að vér höfum langar kveðjur. Því tekur naumast. En þakka viljum vér öllum nær og fjær er stutt hafa að útbreyðslu blaðsins á fyrri árum, og hinum fyrri hluthöfum og samverka mönnum samvinnuna er ávalt var hin bezta.

*R.P.*

Einsog frá hefir verið skýrt hér að framan hafa hinir fyrri eigendur og útgefendur "Heimis" látið hann af hendi við hið Íslenska Únítaríska Kyrkjufélag í Vesturheimi. Blaðið byrjar þá þennan sjötta árgang sinn undir nýrri stjórn, en þó aðeins að nokkru leiti, því einsog kunnugt er, tilheyra margir hinna fyrri eigenda félagi því, sem við hefir tekið. Það hefir einnig verið minst á orsakirnar til þessarar breytingar og er því óþarft að minnast nokkuð frekar á þær hér.

"Heimir" hefir frá fyrstu verið málagn hins únítaríska flokks hér á meðal Íslendinga. Það hefir verið leitast við að láta hann ná þeim tilgangi eins vel og fönng hafa verið á. En jafnframt því hefir hann flutt skáldskap í bundnu og óbundnu máli, og ritgerðir bókmentalegs eðlis, ásamt fleiru er ekki hefir beinlínis komið neinum trúmálum við. Eða, í öðrum orðum, það hefir verið kostað kapps um að láta hann hafa víðtækara starfsvið en venjulegt er með trúmálarit.

Eðlilega verður "Heimir" eftirleiðis fyrst og fremst málagn hinnar únítarísku hreyfingar. En hin núverandi ritstjórn vonar, að hann þurfi ekki að verða það á þröngan og einstrengingslegan hátt á meðan hann er í hennar höndum. Einsog allir vita, sem þá hreyfingu þekkja, er þröngsýni af hvaða tagi sem er henni ósamboðið, og málögng hennar hljóta að hafa víðtækt starfsvið. Jafnframt því sem Heimir verður málagn únítarísku hreyfingarinnar, mun verða leitast við af fremstu



kröftum, að láta hann flytja lesendum sínum fróðleik úr heimi andans sem víðast að. Ennfremur mun hann einsog að undanfögnu flytja skáldskap bæði í bundnu og óbundnu máli eftir því sem rúm leyfir í hvert sinn og ritstjórninni þykir við eiga. Íslenskt tímarit, sem ekki flytti skáldskap er óhugsanlegt, og Heimir vill vera íslenskur. en þó ekki svo að það olli þröngsýni á nokkurn hátt.

Þeir sem hafa styrkt blaðið að undanfögnu eru vinsamlega beðnir að gera það eftirleiðis. Þeir sem eru málefnum þeim, er það sérstaklega fylgir fram á einhvern hátt hlyntir, eru beðnir að styrkja það með því að kaupa það og lesa. Nytsemi blaða og tímarita er ekki öll undir útgefendum og ritstjórn komin, hún er líka komin undir kaupendum og lesendum—Hjálpnið oss að gera Heimir eins nytsaman og framast er unt.

Öllu aðsendu verður með ánægju veitt móttaka, og birt eftir því sem kringumstæður leyfa. Handrit öll, og bréf innihaldi blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnasonar, 521 Victor St. en borganir allar til Hannesar Péturssonar, Union Bank, Sargent Ave.

Gamla velunnendur og styrktarmenn Heimis biðjum vér sérstaklega að sýna honum velvild þá, er hann hefir notið að undanfögnu.

---

## STJÓRNARNEFNDARFUNDUR

*hins íslenska úitaríska kyrkjufélags  
í Vesturheimi*

---

Þann 23 Sept. síðastl. hélt stjórnarnefnd hins íslenska úitaríska kyrkjufélags í vesturheimi, á samt öðrum útistandandi nefndum þess félags fund í íslensku úitara kyrkjuni í Winnipeg. Á fundinum voru lögð fram nokkur nefndar álit, sem voru rædd og falin nefndunum á hendur til næsta þings til frekari framkvæmda.

Sálmabókarnefndin, sem sett hafði verið á síðasta þingi, lagði til að reynt væri að gefa út sálmabók hið allra fyrsta. Í því skyni hafði hún falið meðlimum sínum á hendur að leita leyfis hjá allmörgum íslenskum skáldum um notkun sálma og kvæða, er þeir hafa ort, og sömuleiðis að bjóða þeim að semja úýja sálma gegn sæmilegum ritlaunum. Ennfremur hafði nefndin samþykkt og falið einum meðlim sínum á hendur að leita upplýsinga um kostnað á sálmabókarútgáfu.

Nefndinni voru gefnar nokkrar bendingar viðvíkjandi þýðingum á enskum sálum.

Nefndin, sem sett var á síðasta þingi til að taka til íhugunar mögulegar breytingar á sambandi félags vors við hið ameríska únítarafélag lagði fram nokkrar tillögur frá stjórnarnefnd þess félags, sem hún sjálf hafði fallist á. Tillögurnar birtast hér í íslenskri þýðingu :

1. Stofnun sérstaks unitaríks kyrkjufélags á meðal Vestur-Íslendinga, sem skal hafa á hendi útbreiðslu og trúboð innan takmarka sinna, samkvæmt fyrirsögn hins Ameríska Únítarafélags, og með tilhjálp umdæmis trúboða, er tilnefndur sé af hinu Ameríska Únítarafélagi.

Skipulag kyrkjufélags þess skal vera samkvæmt fyrirkomulagi núverandi únítarískra kyrkjufélaga. Því skal stjórnað af framkvæmdarnefnd, sem sé kosin árlega á þingi þess. Framkvæmdarnefnd þessi með umdæmis trúboðanum skal vera hin íslenska trúboðsnefnd Ameríska Únítarafélagsins, og skal hafa framkvæmd á hendi í öllum málum viðvíkjandi trúboðum, samkvæmt fyrirsögnum framkvæmdarnefndar Únítarafélagsins.

2. Umdæmistruboðinn skal í samráði með þeim nefndum, sem kunna að verða kosnar af kyrkjufélaginu á þingum þess, undirbúa og þýða þau rit, sem nauðsynleg eru fyrir starf kyrkjufélagsins. Einnig skal hann á ári hverju fara eins margar trúboðsferðir um íslendingabygðir innan takmarka kyrkjufélagsins og tími leyfir, með því augnamiði að stofna fasta söfnuði, er síðarmeir mundu kalla til prestsþjónustu þá er kunna að undirbúa sig fyrir unitaríska prestsstöðu meðal íslendinga á guðfræðisskólum unitara.

3. Viðhald og útbreiðsla tímarits til styrktar málefninu. Útgáfa bóka til notkunnar við guðþjónustur og sunnudagaskóla. Eftirfarandi bækur eru að verða æ nauðsynlegri og nauðsynlegri fyrir starf vort :

- (a) Hand og sálmabók til nota fyrir söfnuðina.
- (b) Handbók fyrir sunnudagaskóla.
- (c) Myndaspjöld og lexíur fyrir sunnudagaskóla byrjendur.
- (d) Kenslubók eða leiðarvísir, sem foreldrar og sunnudagaskóla kennarar gætu notað við uppfræðslu barna í aðalatriðum trúar vorrar og, sem mætti notast við undirbúning unglunga til staðfestingar og inntöku í safnaðarfélögin.

4. Að Ameríska Únitarafélagið aðstoði kyrkjufélagið í útgáfu þessara rita með beinni fjárveitingu, er skoðuð sé sem lán til kyrkjufélagsins og endurgjaldist til unitarafélagsins innan tíu ára, eða eins fljótt og fé fæst, með samskotum og sölu þessara rita.

5. Að hin íslenska trúboðsnefnd sé ráðgefandi í öllum málum er viðkoma kyrkjufélaginu eða hinum sérstöku söfnuðum þess, og að henni sé falið á hendur stjórn íslenskra trúboðsins undir beinni umsjón framkvæmdarvalds ameríska unitarafélagsins.

Tillögur þessar var samþykkt að birta í Heimir.

Skrifara hafði borist bréf frá nokkrum hluta Gimli safnaðar þess efnis, að sá söfnuður segði sig úr lögum með hinu íslenska unitaríska kyrkjufélagi, vegna einræðisstjórnar, er fram hefði komið í því félagi. Bréf þetta var lesið upp og síðan var eftirfarandi fundarsamþykkt gerð.

Þar sem fundarsamþykkt Gimli safnaðar viðvíkjandi sambandi hans við kyrkjufélagið er, að því er vér álitum, byggð á röngum skilningi á hinni nýju tilhögun ameríska unitarafélagsins á trúboði meðal Vestur-Íslendinga, þá eru það vinsamleg til-mæli vor að Gimli söfnuður taki þetta mál til frekari flogunar.

Afrit af tillögunum sendist söfnuðinum með þessari fundar-samþykkt.

Þá var lesið upp eftirfylgjandi tilboð frá hlutafélagi því, er hefir gefið út tímaritið Heimir : “Hluthafar blaðsins bjóða hér með hinu íslenska unitaríska kyrkjufélagi blaðið Heimir til eignar og umráða móti því að kyrkjufélagið skuldbindi sig til að borga hluthöfum þá hluti, er þeir eiga í blaðinu og kunna að krefjast borgunar á.”

Að endingu skýrði útbreiðslu stjóri Pétur Bjarnason frá útbreiðslu starfinu á þessu ári og árangri þess.

Á fundi er haldinn var síðar af framkvæmdarnefndinni voru þessir menn kosnir í útgáfunefnd : Hannes Pétursson, Gunnar Goodman, Rögnvaldur Pétursson, Guðmundur Árnason, Gísli Jónsson, Friðrik Sveinsson.

---

## SANNFÆRING OG FYLGI

---

Sannleikurinn, í hvaða málum sem er, er aðallega skoðaður frá tveimur sjónarmiðum. Annað þessara sjónarmiða er sjónarmið þeirra, sem skoða sjálfa sig kjörna til þess að varðveita sannleikann. Þeir skoða það eitt sannleik, sem mennirnir hafa trúað og haldið að væri rétt á undan þeim, þeir styðjast við gamlar heimildir og segja, að það sem einu sinni hafi verið álitnið satt og rétt verði alltaf að álitast satt og rétt. Hitt sjónarmiðið er sjónarmið þeirra, sem vilja leita sannleikans. Þeir skoða þekkingu mansins sem sannleika ef hún aðeins byggist á réttri rannsókn og hugsun, án tillits til þess hvort hún er samrýmanleg við það, sem mennirnir hafa trúað á liðnum öldum. Fyrir þá er þroski mannsandans næg sönnun fyrir því, að meiri og stærri sannleikur hafi ávalt komið í ljós er lengra var leitað og dýpra rannsakað. Þetta síðara sjónarmið er í fullu samræmi við þá björtu og heillaríku lífsskoðun að mönnunum fari fram en ekki aftur ; hin fyrri aftur á móti er yfirlýsing þeirrar ömurlegu skoðunar, að mennirnir hafi einhvern tíma komist á eitthvert stig, sem þeir um aldur og æfi verði að standa á,

vegna þess, að þangað, en ekki lengra geti þeir komist. Ömurleg er skoðun þessi, vegna þess, að sé hún látin gilda alstaðar. Þá er ekki hægt að hugsa sér braut þá, sem mannsandinn hefir gengið frá byrjun öðruvísi en villubraut, og allt það sem fundist hefir á þeirri leið, og sem mennirnir hafa nefnt sannleik og reitt sig á verður að blekkingu.

Það þarf ekki að því að spyrja frá hverju sjónarmiðinu flestir líta á sannleikann. Þeim fer, sem betur fer, fækkandi, sem einblína svo aftur í tímann að þeir ekki sjái breytinguna og framförina, sem æ og æfinlega á sér stað; stundum hraðfara og stundum hægfara. Flestir trúa að það sé nauðsynlegra starf að leita nýs sannleika en að varðveita það sem einhvern tíma var nefndur sannleikur án nokkrar verulegrar íhugunar hvort það getur enn borið það nafn. Það liggur í meðvitund allra heilbriggt hugsandi manna, að þessi sannleiksvarðveizla sé að miklu leiti eyðsla á kröftum, vegna þess, að það sem sé í raun og veru sannleikur verði ávalt bezt geymt með því að láta það hverfa inni og sameinast nýjum sannleik. Flestir hafa mist alla trú á fortakslausar heimildir einhverstaðar aftan af öldum og það jafnvel í þeim efnum, sem vísindaleg rannsókn getur ekki æfinlega náð út yfir. Þeir treysta þeim, sem nú lifa betur til að ákveða hvað fyrir þá sjálfa skuli vera sannleikur heldur en þeim, er fyrir löngu síðan voru uppi.

En það sem skortir er viljinn til að framfylgja þeirri eðlilegu stefnu, er í þessari afstöðu felst. Menn eru hræddir og hikandi að fylgja þeim, er vilja halda áfram í sannleiksleitinni, þeim finst það vera að slíta of mörg bönd er tengi þá við þetta, sem þeir þó í hjarta sínu ekki viðurkenna að vera hið bezta. Hugsa þeir hinir sömu um það, að með slíkum hálfleik eru þeir að skifta sjálfum sér á milli tveggja stefna, sem í raun og veru eru hver annari andstæðar? Hugsa þeir um það, að hin bezta afstaða, sem nokkur maður getur haft gagnvart nokkru málefni er að vera einlægur og ákveðinn með því, sem maður sér að er sannast og réttast?



## Mótmælendafélagið á Þýzkalandi

Mótmælenda félagið (Protestantenverein) svo nefnda var stofnað í Eisenach á Þýzkalandi árið 1865. Árið áður hafði páverandi páfi Píus níundi sent út umburðarbréf með mótmælum gegn vísindalegum rannsóknum í trúmálum. Tilgangur stofnenda félagsins var, að vinna á móti afturhaldsanda og bókstafstrú katólsku kyrkjunnar á þýzkalandi. Þegar í byrjun gengu margir nafnkendir menn í félagið og það útbreyddist um allt Þýzkaland á skömmum tíma. Nokkru eftir að félagið var myndað sameinuðust önnur eldri félög, er höfðu verið stofnuð um miðja 19 öldina í því skyni að vinna að sameiningu lútersku og endurbættu kyrknanna á þýzkalandi, mótmælenda-félagið og tóku upp nafn þess. Félagið hélt áfram starfi sínu í frjálslyndisáttina, og mætti þaraffleiddandi mótspyrnu og óvináttu frá afturhaldsprestum og stjórnendum mótmælenda kyrknanna sjálfra. Nokkrir frjálslyndir prestar mistu embætti sín. Við þessa mótspyrnu hnignaði félaginu nokkuð, sérstaklega eftir að ný hreyfing, er vildi afnema allar heimspekis skoðanir úr trúarbrögðunum og hverfa til eintómrar trúartilfinningar í anda Lúthers, reis upp. Þessi stefna var mótmælendafélaginu, er lagði aðal áherzluna á skynsamlegar skoðanir, andstæð og bar því skort á trúarhita á brýn. En félagið hefir þrátt fyrir þessar mótspyrnur haldið uppi merki frjálslyndisins og rannsóknarinnar í þýzku kirkjunni, og það heldur áfram starfi sínu í þá átt að samrýma trúarbrögð við vísindalega þekkingu nútímans með mjög góðum árangri.

Séra Max Fischer, doktor í guðfræði, frá Berlín lýsti tilgangi félagsins á þessa leið í ræðu, sem hann hélt í Boston í fyrra á alþjóða fundi unitara og annara frjálslyndra manna: "Mótmælendafélagið hefir nýja þroskun mótmælenda trúarinnar fyrir augum, sem er sú, að ávextir trúarinnar verði ekki að uppbyggja kyrkjustofnanir, heldur að vinna verk guðs í heiminum, að lífið verði ekki lengur skoðað frá sjónarmiði yfir-

náttúrlegrar og yfirveraldlegrar opinberunar, heldur verði gegnsýrt af anda sannleikans og kærleikans. Þessi trú lætur ekki bindast af yfirnáttúrlegum kenningum, heldur gefur sjálfa sig tafarlaust og algerlega á guðs vald samkvæmt því sem samvizka og skynsemi bjóða. Þetta er 'frelsi guðs barna.' Aðalhlutverk mótmælendafélagsins er að gróðursetja frjálsar trúarskoðanir í kyrkju lands vors, og þessi uppspretta endurnýjandi kraftar mun enn lyfta mótmælendatrúnni uppá við til fullkomnari framkvæmdar megin sanninda sinna."

Þó að mótmælendafélagið sé engin óháð hreyfing utan þýzku þjóðkyrkjunnar hefir það samt afkastað miklu verki í þarfir hinnar frjálsu trúarstefnu. Það hefir starfað að því að útbreiða á meðal almennings margar af skoðunum sem á síðari árum hafa meira og meira grafið um sig við háskólana og á meðal manna með vísindalegri mentun. En einmitt á því er mjög mikil þörf á þýzkalandi vegna þess hve þröngsýn og afturhaldssöm þjóðkyrkjan í heild sinni er. Efalaust á félag þetta eftir að afkasta miklu starfi í sömu átt.

---

## Þekkingin Undirstaða Skoðananna

---

Þegar að einhver lætur í ljósi álit sitt á einhverju, sem hann hefir ekki þekkingu á, þýkir flestum best við eiga að leggja ekki mikið uppúr því sem hann segir; og þegar einhver kveður upp dóm yfir mönnum eða málefnum án þess að vera öllum málavöxtum nógu kunnugur til að geta kveðið upp skynsamlegan og réttan dóm er dómur hans kallaður sleggjudómur, og enginn viðurkennir að hann hafi nokkurt verulegt gildi, eða að óhætt sé að reiða sig á hann. Það er alstaðar viðurkent að til þess að geta látið í ljósi skoðun á einhverju, er sé meira en ómerkt hjál, þurfi maður að hafa kynt sér eftir fremsta megni það sem skoðuninn er um. Hugmyndir um hvað sem er, sem ekki byggjast á þekkingu hafa nú tímum mjög lítið gildi. Nákvæm þekking og skilningur er alstaðar viðurkend að vera

fyrsta og nauðsynlegum og sönnun skoðunum og heilbrigðu álit.

Þessi alment viðurkendi sannleiki nær til trúmálanna engu síðar en annara mála. Menn ættu engu síður að forðast þar sleggjudóma og órökstuddar ályktanir en í öðrum efnum. En samt er það einmitt í þeim efnum að mörgum finst óþarft og jafnvel ómögulegt að vera nákvæmur og varfærinn í dómum sínum, finst rangt að heimtað sé að álitin séu æfinlega byggð á þekkingu og réttum skilningi.

Það má sérstaklega oft heyra á dómum þeim, er fólk kveður upp yfir nýjum trúmálastefnum, að það hefir aldrei reynt að kynna sér þær. Það er eins og margir álíti, að þegar þeir hafa lært eitthvert nýtt nafn þá hafi þeir um leið lært allt, sem hægt er að vita um það, sem hefir þetta nafn. En eintóm nöfn, hvað mörg sem þau kunna að vera, eru engin þekking, alveg einsog eintóm nafnorð mynda aldrei skiljanlegt mál. Í málinu þarf að bæta við lýsingarorðum er lýsa eðli og ásigkomulagi þeirra hluta, er nafnorðin tákna, og sagnorðum, er skýra frá verknaði og samböndum þeirra. Þekking verður þá fyrst til er hlutirnir þekkjast meira en að nafninu til.

Í trúmálum sem öllu öðru fæst þekking, sem er meira en eintóm nafnaþekking, aðeins með því að kynna sér allar þær stefnur nýjar og gamlar, sem maður hefir tök á að kynna sér—Og það ætti ekki að vera neinum manni of vaxið nú á dögum að afla sér nokkrar þekkingar á þeim stefnum, sem efstar eru á dagskrá og mest er ritað og rætt um. Sá hugsunarháttur, að það sé nóg að láta nokkra menn kynna sér allt þetta nýja, sem er að birtast ár frá ári, og fara svo eftir álitum þeirra, er katólskur ófrelsis hugsunarháttur, sem er alveg ósamboðinn þeim anda, sem hefir verið helsta og bezta einkenni mótmælenda síðan á sextánda öld. Hugsunarháttur þessi stingur sérstaklega í stúff við hina strang vísindalegu aðferðir nútímans, sem alstaðar eru viðteknar þar sem menn vilja afla sér þekkingar af einhverju tagi.

Lífsskoðanir og trú vor únitara hafa ekki átt því láni að fagna að vera skoðaðar ofaní kjölinn nema af tiltölulega fáum.



Flestir hafa látið sér nægja sögusögn annara, og það miður vinveitta sögusögn stundum. Það er því engin furða þó maður reki sig stundum á vanþekkingu og misskilning þeim viðvíkjandi, og það jafnvel hjá þeim, sem ættu að vera þeim kunnugir.

Hvort sem menn eru einni stefnu hlyntir eða mótfallnir, er þeim nauðsynlegt að þekkja hana meira en að nafninu til. Bæði vörn og mótmæli í þeim málum, sem eru lítt kunnug, verða lítillfjörlegt kák. Þegar menn hafa aðeins nafnið eitt til að byggja á verða dómarnir sleggjudómar og lofið glamuryrði, sem ekkert má leggja uppúr.

Únítaratrúin verður ekki þekt á réttan hátt nema að hún sé skoðuð sem hreyfing í sögu hinnar kristnu kyrkju. Og það þarf meira en að þekkja sögu þessarar hreyfingar frá þeim tíma, er hún byrjar sem ákveðin og sérstæð hreyfing í sögunni, tildrög hennar og orsakir verða einnig að takast til greina. Sé hún þannig skoðuð mun flestum óhlutdrægum og réttsýnum mönnum virðast, að hún sé eðlileg og óhjákvæminleg afleiðing vissra skynsemistrúarstrauma, er meira eða minna hefir á brytt í kristnu kyrkjunnunni frá byrjun. Þessir straumar hafa komið í ljós á margvíslegan hátt, sem ekki er rúmi til að ræða ýtarlega í þetta sinn, en þeir sem söguna þekkja kannast vel við þá. Univerulega þekkingu á únítarískum trúarskoðunum getur þá fyrst verið að ræða er þessi tildrög hreyfingarinnar, og síðan hreyfingin sjálf, eru gerð að rannsóknarefni á alvarlegan og óhlutdrægan hátt.

Annað sem benda má mönnum á, bæði þeim, sem eru únítarískum trúarskoðunum hlyntir og þeim, sem það eru ekki er, hversu mikið af þeim skoðunum er nú þegar komið inn í slenzkt lúterskt trúarlíf og skoðanir. Það stendur á sama hvort menn vilja kannast við það eða ekki, það er þar, verkin sýna merkin. Það má segja þetta án þess að gera nokkra tilraun til að gera lítið úr því sem aðrir hafa gert í sömu átt, eða þeim áhrifum, sem hafa borist frá öðrum hreyfingum. Þeir sem ekki vilja kalla sig únítara ættu að ganga úr skugga um hvort þeir hafa ekki tekið eitthvað að láni, og hvort það væri

ekki eins drengilegt að kannast blátt áfram við það, þeir gætu haldið þeim nöfnum, sem þeim eru kærust fyrir því.

Allur misskilningur er skaðlegur, bæði þeim málefnum, sem misskilin eru, og einnig þeim sjálfum er misskilja. Margan misskilning er hægt að forðast með því að kynna sér málefnið betur. Komast að raun um hvað þau séu. Það er fyrirhöfn, en það er fyrirhöfn, sem margborgar sig. Einn sá bezt andlegur fjársjóður, sem nokkur maður getur átt er sönn þekking á því andlega lífi, sem samtíðarmenn hans lífa; enginn sannmentaður maður má án þeirrar þekkingar vera.

---

## MODERNISMINN

---

Einsog öllum er kunnugt hefir nú á síðustu árum allsterk hreyfing átt sér stað innan katólsku kyrkjunnar, sem nefnist "Modernism." Hreyfing þessi er í raun og veru margar hreyfingar, er allar stefna í þá átt, að koma á ýmsum breytingum í katólsku kyrkjuni í samræmi við nútíðar þekkingu og hugsunarhátt.

Ítalía er föðurland katólsku kyrkjunnar; þar hafa páfarnir setið öld eftir öld á "stóli Péturs" einsog kyrkjan kemst að orði. Reyndar er ekki ein einasta söguleg sönnun til fyrir því að Pétur postuli hafi nokkurntíma komið til Róm, heldur aðeins sögusögn, og það er kyrkjuni nóg. Á Ítalíu tapaði kyrkjan hinum síðustu leifum síns veraldlega valds er landið var gert að einu ríki fyrir nærri 40 árum síðan, en kyrkjan hefir aldrei viðurkennt missir þessa valds. Hún heldur enn fram þeirri kröfu að hver katólskur maður eigi að fylgja aðeins þeim stefnum í stjórnámálum, sem kyrkjan viðurkennir að vera réttar. Þessi krafa er auðvitað ekkert nema nafnið tómt þar sem meiri hluti landsmanna er ekki katólskur, en á Ítalíu eru rúmlega 97 af hundraði katólskir, og þegar þess er gætt, er vel skiljanlegt að sú stefna, sem páfinn og kyrkjan vill aðhyllast í stjórnámálum megi sín mest.

Á Ítalíu, einsog í flestum öðrum löndum hafa nýjar stjórn-mála og mannfélagsskipulags hreyfingar komið mikið í ljós á síðari árum. Sérstaklega hefir sósíalista stefnan rutt sér til rúms á meðal fátækari hluta þjóðarinnar. Í Evrópu hvarvetna eru sósíalistarnir andstæðir kyrkjuvaldinu og eins á Ítalíu. En menn, sem eru kyrkjunní hlyntir hafa víða komið fram með sérstaka tegund af sósíalísma, sem þeir, kalla kristilegan sósíalísma. Á Ítalíu og víðar eru til menn, er vilja aðhyllast þennan kristilega sósíalísma í einhverri mynd, en segjast jafnframt vera katólsku kyrkjunní trúir. Ennfremur vilja þeir að kyrkjan hætti öllum kröfum til síns fyrra veraldlega valds. Þessir menn ern modernistar í stjórnmalalegu og samfélagslegu tilliti. Þeir vilja láta kyrkjuna breyta afstöðu sinni í samræmi við þeirra eigin hugmyndir, en vilja alls ekki segja skilið við kyrkjuna þó hún hafi altaf fordæmt skoðanir þeirra.

Guðfræðis modernistarnir eru annar flokkur. Þeir leggja aðal áherzluna á viðtekningu nýrra vísindalegra aðferða í guðfræðinni. Þeir vilja láta katólsku kyrkjuna taka upp hærri krítíkina og sögulega rannsókn í trúmálum yfirleitt. Þeir viðurkenna að í öllum trúarbrögðum sé eitthvað gott að finna, en halda fram að kristindómurinn sé hin sannasta trú. Katólsku kyrkjuna viðurkenna þeir sem verndara og viðhaldara þessarar sönnustu trúar, en til að geta verið það á réttan hátt þarf hún að breytast og fylgja tímanum. Þessir menn ganga í ýmsum atriðum furðu langt í frjálslyndis áttina, en samt virðast þeir yfirleitt vera langt frá því að hafa skift um skoðanir í aðalkeningum kyrkjunnar, sem þó frá sannfrjálslyndu sjónarmiði verða að falla, sé þeim aðferðum beitt til hlítar, er þeir segjast vilja láta kyrkju sína aðhyllast.

Í þriðja lagi má nefna þá modernista, sem heimta meira trúarfrelsi fyrir einstaklinginn innan katólsku kyrkjunnar. Þessi flokkur skiftir sér lítið af málum þeim, er snerta kyrkjuna sem heild, hvort heldur guðfræðisleg eða stjórnarfarsleg; hann leggur aðaláherzluna á, að einstaklingurinn hafi meira frelsi en nú á sér stað til þess að leggja rækt við sína eigin hugsun og tilfinningu í trúarefnum. Þessi tilhneiging hefir

altaf átt sér stað í katólsku kyrkjunni og einnig í mótmælenda-trúar kyrkjum, hún hefir komið í ljós í dulspekinni (mysticism) og öðrum hreyfingum er hafa reynt að varpa af sér kreddu—og guðspjónustusiðakerfum þeim, er viðtekin hafa verið. Þetta er sá flokkur modernista, er á auðveldastan hátt getur átt sér stað og vaxið innan katólsku kyrkjunnar, en um leið sá, sem hættast er við að minst láti til sín taka er til verulegra umbóta kemur.

Modernisminn er allsterk hreyfing, og flestir frjálslyndir menn munu viðurkenna að hanu sé hreyfing, sem stefnir í rétta átt og sé líkleg til að verða til þess að auka andlegt frelsi í heiminum. En þrátt fyrir það er hann ekki gallalaus—Stærsti gallin er mótsögnin, sem felst í afstöðu modernistanna gagnvart katólsku kyrkjunni.

Ein af ákærum kyrkjunnar gagnvart modernistunum er sú, að þeir hafi sömu afstöðu sér gagnvart og þeir, sem utan kyrkjunnar standa. Þessu mótmæla modernistarnir harðlega, þeir kalla sig sann katólska, þeir vilja viðtaka þær hugsana og rannsóknaraðferðir, sem hafa leitt menn til að skilja við katólsku kyrkjuna, en samt vilja þeir umfram alt halda nafninu. Í þessari afstöðu liggur mótsögn, sem ómögulegt er að verja. Hversu æskilegt sem það kann að vera að umbæta katólsku kyrkjuna verður því þó ekki neitað að umbæturnar tilheyra á engan hátt katólsku kyrkjunni. Þær eiga upptök annarstaðar og modernistarnir vilja leyfa þeim rúm innan kyrkjunnar, En páfinn, sem ekkert viðurkennir sem rétt nema það sem kyrkjan hefir áður viðurkent, hefir á alveg réttu að standa er hann heldur fram að modernisminn sé ókatólskur og að þeir menn, sem hann aðhyllast séu ekki sann katólskir. Væri hann modernistunum sjálfum samdóma þá yrði hann um leið að kannast við að margar þær skoðanir, sem katólska kyrkjan hefir barist á móti hafi verið réttar, hann yrði þá að viðurkenna fleira en modernismann sem góða katólsku. Hitt er annað mál hvort meira umburðarlyndi af hans hálfu væri ekki ávinningur fyrir katólsku kyrkjuna.

Annað það sem athugavert er við afstöðu modernistanna er hvort þeir sjálfir kæmu ekki meiru til leiðar með því að rísa upp á móti páfavaldinu og ségja skilið við katólsku kyrkjuna ef á þyrfti að halda. Skoðanir þeirra hafa verið dæmdar rangar, og þeim sjálfum hefir verið úthúðað fyrir vantrú og ótrúmensku við kyrkjuna, rit þeirra hafa verið sett á skrána yfir rit þau, er enginn katólskur maður má lesa, Alt þetta vilja þeir heldur þola en að segja skilið við kyrkjuna. Margir efast um að hreyfingin geti afkastað nokkru verulegu á þennan hátt, en modernistarnir sjálfir virðast álíta ómissandi að þeir séu kyrrir í kyrkjunni. Afleiðingin af þessari afstöðu, þó alt, sem henni er hægt að segja til málsbóta sé viðurkent, er sú, að modernisminn er svo óákveðinn, svo skiftur á milli tveggja andstæðra aðalstefa, að það er lítil eða engin von, að í núverandi ásigkomulagi sínu fái hann nokkrum verulegum breytingum áorkað innan kyrkjunnar. Þetta er álit margra þeirra, er bezt hafa kynt sér hreyfinguna, t. d. prófessors Adolfs Harnacks í Berlín, og álitid er ekki bygt á neinni óvild gegn hreyfingunni, heldur á reynzlu liðinna tíma. Því miður hafa modernistarnir hingað til ekki verið nógu ákveðnir, þeir hafa ekki getað losað sig við þá hugsun að katólska kyrkjan sé í sjálfu sér sú bezta kyrkja sem til er þrátt fyrir alla þröngsýni og afturhald; þeir vilja umburðarlyndi og talsvert frjálslyndi en ekki einbeitta áfram haldandi stefnu. Þarafleiðandi eru umbóta hugmyndir þeirra á reiki, og þeir, að margra áliti, sjálfum sér ósamkvæmir. En þrátt fyrir gallana er þó modernisminn ein af merkilegustu hreyfingum nútímans. Hann sýnir betur en nokkuð annað að alstaðar eru einhverjir sem heimta framför og eðlilegan þroska. Það, að menn þeir, er hreyfingunni hafa af stað komið kannast við að andleg framþróun sé rétt ber að virða og líta á með sanngirni.



## BÓKAFREGN

Fyrsta og annað bindið af hinni nýju ljóðabók Stefáns G. Stephanssonar, "Andvökur" eru komin hingað vestur og eru til sölu víðsvegar. Bókin er gefin út á kostnað nokkurra Íslendinga í Vesturheimi, en prentuð heima í Reykjavík. Frágangur allur er góður, nema bandið, sem er varla nógu vandað. Það þarf ekki að efa að ljóð Stephans G. Stephanssonar eru Vestur-Íslendingum kærkominn gestur. Hann er ekki einungis bezta skáld vor Vestur-Íslendinga, heldur eitt af stórskáldum allrar íslenzku þjóðarinnar, og að ýmsu leiti allra vorra skálda einkennilegastur. Á kvæðin verður betur minnst í næsta blaði.

Vonandi er að allir bókavinir kaupi bókina og sýni með því skáldinu sjálfu og útgefendunum verðskuldaða viðurkenningu.

Önnur bók nýkomin að heiman, sem síðar verður minnst á í Heimir er "Austurlönd," trúarbragðarsaga Austurlanda eftir Ágúst Bjarnason. Þá bók ætti hver maður að lesa, sem vill fá vísindalegt og óhlutrægt yfirlit yfir helztu trúarbrögð heimsins.

## ÞRUMUVEÐUR

EFTIR PETER ROSEGGER

Hún var bálreið. Enginn hafði séð hana jafn reiða áður, þessa góðlyndu stúlku. Bróðir hennar, aðstoðar presturinn, hugsaði með sjálfum sér: því betra sem reiðin er meiri en ástin, henni gengur þá betur að sætta sig við það.

"Nú fer ég," hrópaði hún, og þreif brúna sjalið sitt og kastaði því einhvern vegin um herðarnar.

"Hvert ætlarðu?" spurði presturinn.

"Hvert skyldi ég ætla?—Til hans."

“Til Lehendorfers? Þú? Og núna?—Maríanna, það gerði ég ekki í þínum sporum, að ganga á eftir þeim óþokka.”

“Að ganga á eftir honum! Nei bróðir, þess þarf ég ekki, guði sé lof.”

“Það held ég líka. Þú getur fengið nóga samt systir góð.”

“Eg vil engann! Alls engann! Hún skalf á beinunum, kinnar hennar voru gráar eins og kalkveggur, varirnar sem voru vanalega svo rauðar höfðu sama lit og tennurnar, er hún beit saman svo að gnast við. En augun! Útúr þessum stóru augum brann eldur einsog útúr gluggunum á húsi, sem inni stendur í ljósum loga.

“Og þó ætlarðu til hans?”

“Af því ég verð að refsa honum”

“Refsingu hefir hann fengið nú þegar”

“En ekki hjá mér!—Bíddu við drengur minn. Aðrir hafa sagt þér meiningu sína. Bráðum færðu að heyra mína.”—Hún þreif eitthvað af veggnum.

“Hvað, hundasvipuna Maríanna!”

Hún var horfin útum dyrnar. Presturinn gekk hratt fram og aftur um stofugólfid.—Þessi ástamál! Þessi óhræsis ástamál! Svona hatursfull, svona hefndargjörn! Og þetta er nefnt ást.—Eftir því sem fólkið segir veit ég ekki nema ég verði sóttur til að þjónusta á hverri stundu. Og þá kemst ég í það að fyrirgefa manni þeim, sem hefir svikið auningja systir mína, syndir sínar. Maður hefir vanalega ekki tíma til að útmála helvítið heitt fyrir svoleiðis náungum og síðan að frelsa þá. Slæmt með hann. Hvað stoðar það þó maðurinn sé að öðru leiti góður drengur, einsog það er kallað, þegar hann vantar það sem mest á ríður.—Fjölkvænismenn, einsog hundar! Svei, fjandinn hafi það!”

Í gegnum gluggann sá hann læk'nirinn ganga framhjá.

Presturinn opnaði gluggann. “Góðan daginn nág'ranni! Hvernig gengur það?”

“Góðan daginn prestur! Við getum látið hringja.”

“Er það mögulegt? Það er þó óttalegt! Hann hefir orðið að líða fyrir syndirnar.”

“Guð gefi oss öllum jafn rólegan dauðdaga eftir jafn langan aldur,” sagði læknirinn.

“Þér eigið við gamla könnusmiðin.”

“Hann er til hvíldar gengin.”

“En ég á við aðstoðarkennarann.”

“Nú, hann Lehendorfer. Já, með hann gengur það nú öllu ver.”

“Ég heyri talað um slagsmál. Fólkið skrafar um margt.”

“Hann heimsækir ekki systir nágrannans fyrst um sinn.”

“Á heldur ekkert erindi til hennar, þorparinn! Fanturinn sá arna, hann sem——hamingjan góða, nú var ég rétt búinn að bölvu honum.”

“Þeir fótbrutu hann á báðum fótum,” skýrði læknirinn frá.

“Það var heill hópur af strákum. Fyrir framan gluggan hjá honum Grillbaumer. Fyrst, segja þeir, að þeir hafi barið á honum, svo stakk hann með hnífnum. Svo fékk hann það sem hann átti skilið, held ég. Allur marinn og beinbrotinn einsog brúðurægsni.—Verið þér sælir prestur.”

Nú, rétt er það! Veslingurinn. Nú áttu kærasta sem ekki getur staðið á fótunum. Rétt, þú ferð til að láta hann kenna á svipunni. En samt finst mér einsog þú ekki viljir sleppa honum—Þannig talaði presturinn við sjálfan sig eftir að læknirinn var farinn.

Loksins varð klukkan tólf. Klukkan í turninum sló. Presturinn stóð við gluggan og þuldi-bænir sínar. Hann gat endurtekið þær eins oft og hann vildi nú án þess að súpan yrði köld, því nú var hún alls ekki komin á borðið. Í eldhúsinu var enginn eldur og sú, sem átti að búa matinn til var ekki komin heim aftur.

Hún hafði gengið drjúgum skrefum í áttina til húss sútarans. Þar leigði þorparinn sér herbergi. Kvenfólkið stóð kyrt á strætinu og horfði illgjarnlega á eftir henni. Hún hefði helzt viljað reka þær í gegn með augnatillitinu.—Horfa niður fyrir



sig! Nei, aldrei! Hún var betri en hinar allar til samans. Stoltið framleiðir óhamingjuna.—Hún lét svipuna sveiflast í loftinu yfir klakandi gæsunum á veginum. Hún var svo reið að hún fann ekki til neinnar sorgar. Fyrir sex vikum hafði hún trúlofast. Aðstoðarkennarinn var að bíða eftir launaviðbót, og þá gætu þau gift sig. Svo elskulegur piltur! En svo ótrúr, svo ótrúr! En nú skildi hann sjá! Hún skyldi fleygja honum frá sér, Hún skyldi fleygja honum með fyrirlitningu í glötunar hyldýpið! Þangað gæti Grillbaumers stelpan sótt hann—þessi naðra—þessi eiturnaðra. Bara að hún hefði nú öll þau smánarorð til taks, sem þessi skepna ætti skilið. Hún hafði tælt hann, hjá því gat ekki farið.

Þegar Marianna kom til sútarans varð hún fyrst að spyrja eftir herberginu hans. Í bakstiganum mætti hún gamalli, óhreinni kerlingu. Hún glenti upp ginið af eintómri ánægju yfir heimsókninni, svo að allar þrjár tennurnar, sem eftir voru sáust. Hún var húsfreyjan, en vildi samt gjarna láta unga fólkíð tala saman í næði.

“ Þess þarf ekki, ” sagði Marianna. Sú gamla beið samt fyrir utan. Hurðinn var þunn. Niðri í bakgarðinum heyrðust svínin rýta. Andstyggilega lykt lagði útúr hálfopnum skúr þar sem vinnumennirnir skófu hárið í flyksum af útbleyttum-húðum. Loftið í herberginu var rakt, og glugginn var lokaður. Í rúmínu lá ungur maður með báða fætur vafða í umbúðir. Hann var fríður. Niður á rakt ennið héngu tveir brúnir hárlökkar. Hann hafði þykt ógreitt yfirskegg, sem þvældist uppí hann um leið og hann talaði.

Hún hafði ímyndað sér að hann mundi verða hræddur þegar hún kæmi inn til hans. Hann horfði á hana með blíðlegu augnaráði og rétti henni hendina.

Hún staðnæmdist við dyrnar alveg forviða. “ Ó, það er ágætt, ” sagði hún. “ Hvað hann heilsar mér vingjarnlega! Mér sýnist honum ekki vera neitt illa við mig! ” Þetta var sagt í háði til að byrja með. Svo fleygði hún af sér brúna sjalínu, og þrumuveðrið skall á: Þorparinn þinn! Óþokkinn

þinn! Það er mítulegt handa þér! Þeir ættu að hafa brotið þig allan, handleggina og hausinn!”

Hann svaraði engu. Hann vissi hvaðan á sig stóð veðrið. Hann reyndi að flýja undan því og kallaði á húsfreyjuna og bað hana um vatn.

“Já gerðu svo vel,” sagði Marianna. “Er ekki sú sem þú elskar við hendina til að hjálpa þér? Þú færð þó að finna til hennar vegna!”—Hver gat séð á henni að orðin skáru brjóst hennar einsog beittur hnífur?

“Marianna,” sagði sjúklingurinn að lokum. “Ég vil ekki segja sjálfan mig betri en ég er. Hef gert rangt, en ekki eins mikið og þú heldur. Svo hefði ég aldrei getað gleymt sjálfum mér.

“Ljúgðu engu!” kallaði hún upp. “Menn beinbrjóta ekki aðra af afbrýðissemi fyrir engar sakir.”

Eftir nokkra þögn sagði hann með þráa: “Hver kvelst af því nema ég sjálfur? Þegar þú tekur því til svona, hverjum kemur það þá við?”

“Hverjum kemur það við, spyrðu,” sagði hún með hægð. “Hverjum hefurðu heitið trygð Hans? Á síðustu Pálmessu? Veiztu það? Viltu vera mér trúur,? spurði ég þig. Og þú, hvað hugsar þú um mig? Maður sem brýtur drengskaparorð sitt! Þú hefir sjálfur sagt að það væri eins gilt og hvert annað drengskaparorð að lofa unnustu sinni að vera henni trúur. Fantur sá, sem það brýtur! Og nú, eftir einar sex vikur? Eg þarf ekki að segja hvað þú ert, þú hefir sjálfur sýnt það.”

Hann reisti sig á olnbogunum og sagði bister: “Getur þú borið á mig nokkurt ódæði? Hefir þú séð það?”

Nú varð hún hamslaus: “Bera á móti! Bera á móti! Þú ert mesti fantur. Vegna þess að ég hafi ekki séð það berðu á móti því. Það yrði laglegt hjónaband, þegar þú hugsar: bara ef hún ekki sér það. Hvar á trygðin að vera, fyrst eða seinast? Til hvers gifti ég mig nema til að eiga trúan mann. Ég get líka verið ógift. Hjá bróðir mínum skortir mig ekkert. Og það væri þúsund sinnum befra að vera vinnukona alla æfi en

hefðarfrú, ef þú ekki skeytir neitt um trygð og samvizku—og að vera alla daga blekt og minna metin en hver eldabuskan. Þú ættir að skammast þín ! ”

“Maríanna ! ”

“Mig hryllir við þér ! Eg get ekki frá því sagt hvaða viðbjóð ég hefi á þér ræfillinn þinn !—

“Lofaðu mér að tala ! ”

“Getur sagt hvað sem þú vilt, ég trúi þér ekki lengur. Getur borið þig eins mannalega og þú vilt—þegar þú vilt sættast.—Mér líður dagurinn aldrei úr minni. Hann getur svikið, hann getur. Strax í tilhugalífinu, á meðan ástin er vanalega heitust hefir hann reynst þér ótrúr. Hefir verið barin þangað til hann var hálfdaður, og allur bærinn veit það. Næsta sinn færi hann varlegar að og þá hefði maður æfðann bófa í húsinu, sem maður þyrfti altaf að vera á verði yfir.”

“Maríanna ! ” Hann reyndi að stökkva fram úr rúminu, en það brakaði í brotnu beinunum. Hann beit saman tönnunum, og á enni hans stóðu stórir svitadropar.

Hún horfði þeyjandi á hann eitt augnablik.

Hann sagði með hásum rómi : “Og þó mér hafi yfirsézt ! Hvað þú getur verið harðbrjósta ! Nú þegar ég er svo aumur og yfirgefinn.”

Hún gekk hratt aftur og fram um herbergið. Henni fanst hún verða að hljóða upp af sáraukanum, sem hennar eigin orð skildu eftir.—Og þegar hún staðnæmdist í horninu, sem var fjærst rúminu, snéri hún sér til hans og sagði róleg : “Ef þú ert saklaus hvernig gekk það þá til.?”

Hann kreisti ábreiðunna með hendinni og sagði : “Hamningjan góða, hvernig gekk það til ? Yfirkennarinn hélt afmælisveizlu og á heimleiðinni um nóttina langaði mig til að glettast við einhvern. Þegar ég svo kom að Grillbaumers húsinu datt mér í hug, þarna inni sefur stúlka, sem mætti gera bilt við, og ég klappaði á gluggan.”

“En að þú skyldir þekkja gluggann svo vel ! ”

(Niðurlag í næsta blaði)

## SÁLMUR

Stjórnari hnatta hringsins ár og síð,  
 höfundur lífs á jörð, í sæ og geim.  
 Verndari heims, sem allra landa lýð  
 leiðir frá myrkurum inn í sólarheim,—  
 bú þú í hjörtum vorum, vertu' oss hjá,  
 verndaðu, leiddu börn þín stór og smá.

Lát oss í eining vinna' á vondu bug,  
 víkja á betri leið við sérhvert spor  
 gleðjast í eining, hefja söng og hug,  
 hryggjast og gráta í eining, faðir vor!  
 Lát oss í eining leita sannleikans,  
 lífa og deyja í eining guðs og manns.

*Þýti úr ensku af G. J. Guttormssyni*



THE ANDERSON CO., PRINTERS

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
 Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenska Únítaríska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUFUND:

Rögnv. Pétursson

G. J. Goodmundson

Friðrik Sveinsson

Hannes Pétursson

Guðm. Arnason

Gísli Jónsson